


IMAGINE – Að hugsa sér

Eftir John Lennon

Myndskreytt af Jean Jullien

(Fyrir börn 4-11 ára)



UM ÞESSA BÓK


Imagine er frægt lag eftir John Lennon þar sem kallað er eftir friði um heim allan. Í þessari bók sem Amnesty International gefur út er textinn í laginu túlkaður í fallegum myndum. Yoko Ono, ekkja Lennon, skrifar formála að bókinni þar sem hún segir: „Það hefur aldrei verið eins mikil þörf á að koma á friði og einmitt í dag, svo ég held að orðin hans eigi ríkt erindi við okkur.“

Myndskreytingarnar eru eftir franska myndlistarmanninn Jean Jullien og segja sögu dúfu einnar sem heldur af stað í ferðalag til að flytja boðskap friðar og vináttu um allan heiminn. Bókin er prýðileg leið fyrir kennara til að opna umræður um frið, gæsku, styrjaldir og þjáningu. Hún fjallar líka um samkennd og von og mikilvægi þess að finna hjá sér hugrekki til að gera heiminn betri.

HVAÐ INNIHELDUR ÞETTA KENNSLUEFNI?

- Spurningar fyrir umræður
- Einföld verkefni tengd efninu
- Umræður um sanngirni

Skoðaðu og sæktu stytta útgáfu af mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna á www.mannrettindafrædsla.is



Orrusta


AMNESTY
INTERNATIONAL



SPURNINGAR FYRIR UMRÆÐUR

„Að hugsa sér himnaríki og helvíti ekki til“

- Hvernig ætli manninum í lestinni líði?
- Hvað myndir þú segja við hann?
- Af hverju eru allir litirnir gráir?
- Hefurðu séð merkið á töskunni sem dúfan er með áður? Hvað táknar það?
- Á hverju heldur dúfan í gogginum? Hvaðan kemur það?
- Skrifaðu eða teiknaðu lista yfir það sem þú heldur að gæti verið í tösku dúfunnar.



„Aðeins jörð og himinn það er auðvelt ef ég vil“

- Hvernig líður dúfunni á þessari mynd?
- Hvert heldurðu að báturinn sé að fara?
- Hvers vegna fór listamaðurinn að nota aðra liti?



„Hugsaðu þér hvergi nein landamæri lögð“

- Á hvað eru mávarnir að horfa á hverri mynd fyrir sig?
- Af hverju eru mávarnir að rífast?
- Hvað verður til þess að þeir hætta því?
- Hvernig heldurðu að þeim líði á síðustu myndinni?
- Hvað heldurðu að mávarnir geri næst? Teiknaðu nýja mynd sem sýnir það.




„Já, komdu með, höldum hópinn“

- Hvernig líður þér þegar þú ert eitt/ein(n)? En þegar þú ert með öðrum?
- Hvernig heldur þú að dúfunni líði þegar hinir fuglarnir setjast hjá henni?



„Að hugsa sér ef engar eignir væru til“

- Hvað eru kólibrífuglarnir að gera?
- Á hvaða hátt er hegðun þeirra frábrugðin hinum?
- Hvað heldur þú að þeir hafi lært?
- Hvaða eigur gætir þú hugsað þér að láta af hendi?



„Já, komdu með, við höldum hópinn, gerum heiminn að einum stað“


- Hvað á John Lennon við þegar hann segist vilja gera heiminn að einum stað?
- Hvað getur hver manneskja gert til að gera heiminn að betri og öruggari stað?
- Hvers vegna er mikilvægt að fólk vinni saman?
- Hvernig heldurðu að væri hægt að gera heiminn að miklu betri stað?



VERKEFNI TENGD EFNINU

Hugmyndir að nemendaverkefnum

- Búa til klippimynd, teikna mynd eða skrifa sögu sem heitir **Friður**. Búa til sýningu í kennslustofunni.
- Ímynda sér að nemandinn sé fugl. Teikna sjálfst/sjálfa(n) sig sem þann fugl og bæta sér svo við á símalínuna.
- John Lennon trúði því að heimurinn yrði friðsælli ef það væru ekki lengur nein lönd, trúarbrögð eða eignarréttur. Teikna stað sem er táknrænn fyrir frið eða ræða um hvað gæti gert heiminn friðsælli.
- Skreyta sniðmát af dúfu með skilaboðum um hvernig heimurinn gæti orðið betri. Hugleiða lykilorð á borð við þessi: friður, frelsi, samvinna, eining, öryggi, réttlæti. Hengja dúfuna upp á snæri sem er strekkt þvert yfir kennslustofuna. (Leiðbeiningar um skrautborða eru í **Hvernig búa á til Að hugsa sér skrautborða.**)



UMRÆÐUR UM SANNGIRNI

- Yoko Ono Lennon segir að það sé mikilvægt að koma fram við alla af sanngirni, ekki bara ættingja okkar og vini. Ertu sammála því?
- Ræðið um nokkur dæmi um sanngirni, t.d. að fara eftir reglum, koma eins fram við alla og stríða ekki öðrum vegna þess að þeir eru öðruvísi.
- Rifjaðu upp eitthvert skipti þegar einhver kom illa fram við þig. Hvernig leið þér þá? Hvernig hefðu aðrir getað hjálpað þér? Hefðir þú getað gert eitthvað öðruvísi sjálfst/sjálft(ur)?
- Ræðið um önnur hugtök sem hægt er að tengja við sanngirni: að deila, gæsku, umburðarlyndi, jafnrétti.

■ Hægt er að sækja fleiri verkefni á
www.mannrettindsfraedsla.is